

Spegill, spegill...

Jón B. K. Ransu

Inngangur

Í þessari ritgerð geri ég tilraun til að tengja efnið sem fjallað var um í námskeiðinu Jörð-Vatn-Loft-Eldur í Listaháskóla Íslands við listaverk Guðrúnar Veru Hjartardóttur. Listaverk hennar komu oft upp í huga minn þegar fyrirlesari greindi frá kenningum hugsuða sem glímdu við höfuðskepnurnar og bar þær saman við listaverk frá ólíkum tímiskeiðum. Þótti mér því ástæða til að kanna þessi tengsl til hlítar, bæði til að skerpa á skilningi mínum á list Guðrúnar Veru og á kenningunum sem voru til umfjöllunar á námskeiðinu, en það er hluti af lærdómsferlinu að sjá fleti á slíkum kenningum í samhengi við listaverk þannig að hvort um sig njóti góðs af. Þ.e. að listaverk styðji við kenningar og svo öfugt.

Þá mun ég gera tilraun til að greina mismuninn á formlegu og efnislegu ímyndunaraflí samkvæmt hugmyndum Gastons Bachelard og á „reglu rökhugsunarinnar“ og „reglu táknhyggjunnar“ samkvæmt C.G. Jung og Umberto Galimberti. Þá mun ég finna hvað sé líkt með skilningi C.G. Jungs og Maurice Merleau-Ponty á hugtakinu „gagnkvæm virkni“ og bera saman notkun þessara tveggja fræðimanna á hugtökunum Ég“ og „Sjálf“, allt með tilliti til listaverka Guðrúnar Veru sem verða til skoðunar í tengslum við hugmyndirnar sem um ræðir.

Áhorfið

Veturinn 2009 tók Guðrún Vera Hjartardóttir þátt í alþjóðlegri sýningu í Samtímalistasafninu í Zagreb sem bar heitið „Að horfa á aðra“. Eins og titill sýningarinnar gefur til kynna snérist sýningin um hugmyndina um áhorf eða nánar tiltekið, samband á milli listamanns og þess sem hann horfir á það.

Framlag Guðrúnar Veru var skjámyndaverk sem sýndi hóp manneskja í raunsærð stóra fram. Myndskeiðið var haft í hægagangi og gekk í 20 mínútna hringrás þannig að skiptingin var ógreinanleg.



1] Guðrún Vera Hjartardóttir: *Áhorfandi*. 2009.



Þótt verkið sýndi hóp fólks kallaði listakonan það *Áhorfandi*, eins og að það væri eingöngu einn sem horfði. Ástaðan fyrir nafngiftinni var að verkið beindist að þeim sem stóð utan listaverksins því á endanum væri það hann sem horfði á sig sjálfan.

Þetta var ekki í fyrsta skiptið sem Guðrún Vera gerði verk um áhorf, enda var hún valin á sýninguna vegna þessa endurtekna þema í verkum sínum. Hún hefur fengist við það síðan 1994, þegar hún gerði fyrst leirstyttu með þessu sama heiti, styttu sem situr á svölum í sýningarsal og horfir. Fyrir sýningargest er fátt í gangi í þessum verkum annað en áhorf og spurningin sem óumflýjanlega

2] Guðrún Vera Hjartardóttir: *Áhorfandi*. 1994. liggur í loftinu er: Hver horfir?

Í bókinni *Veran og neind* (fr. *L'être et néant* / ensk. Being and nothingness) fjallar Franski heimspekingurinn og rithöfundurinn Jean Paul Sartre um áhorfið sem það sem tengir mig sjálfan við mig sjálfan. Dæmi sem Sartre tekur til að skýra mál sitt segir frá manni sem er að gægjast í gegnum skráargat en lendir svo í því að einhver annar kemur að honum:

„Ég hef rétt í þessu fest eyra mitt við hurðina og horfi gegnum skráargat....En allt í einu heyri ég fótatak í ganginum. Einhver er að horfa á mig!“¹

Ástandið breytist þegar einhver kemur að áhorfandanum og hann sér að hann er séður. Hann sem er að horfa áttar sig á því að horft er á hann sjálfan og beinir hann þá áhorfi sínu til sín sjálfs.

Sálubróðir Sartres í heimspekinni, Maurice Merleau-Ponty, tekur í álíka streng og segir:

„Ég er aldrei meðvitaður um eigin tilveru fyrr en ég hef náð tengslum við aðra; speglunin kemur mér ávallt aftur til mín sjálfs.“²

¹ Jean Paul Sartre: *Being and nothingness*. Washington Square Press, New York, 1992. bls.349.

² Maurice Merleau-Ponty: *The World of perception*. Routledge, New York. 2004, bls.65.

Guðrún Vera hefur ekki lesið kenningar Sartres eða Merleau-Pontys og þekkir ekki til þeirra né annarra kenninga fyrirbærafræðinnar.³ Engu að síður glímir hún við nákvæmlega þetta sama í list sinni. Að listaverkið horfi og þegar sá sem horfir á listaverkið áttar sig á því þá beinir hann áhorfinu til sín sjálfs. Listaverkið verður spegillinn sem Merleau-Ponty talar um.

Að snerta sjálf

En hvað er þetta „Ég“ og „sjálf“ sem um ræðir. Í skiptingu sálfræðingsins Carl Gustav Jung á erkitípunum fjórum er sjálf fjórða stig erkitípanna. Það er andinn sem tengir manninn við alheiminn og leið hans til uppljómunar. Sjálf er heildin. Égið er egóið sem er aðskilið frá heildinni. Sá sem horfir á sitt sjálf er þá að horfa á heildina. Jung túlkaði sjálf sem mandölu, en gegnum mandöluna taldi Jung sig hafa náð að færa hugmyndina um sjálf í lifandi mynd,⁴ sem hleypir manni gegnum rök hugsunina og í hjarta táknsins, eða sjálfsins.

Maurice Merleau-Ponty talar um égið sem fyrstu persónu sem horfir á sig sem þriðja persónu. Sjálf frá sjónarhorni Merleau-Pontys er líka heild eins og hjá Jung en hann talar hins vegar um líkams-sjálf. Áhorfandinn er samtímis sjáandi og sýnilegur eins og maðurinn í dæmisögu Sartres sér að hann sé séður, en líkaminn er að sama skapi samtímis snertandi og snertanlegur. Maðurinn sem sér og snertir er ein heild. Hann er líkaminn sinn.

Fyrstu listaverkin sem Guðrún Vera Hjartardóttir sýndi á opinberum vettvangi eftir að úr lauk námi frá skúlpúrdeild Myndlista og handíðaskólans árið 1990 beindust ekki að áhorfi. Hún sýndi verk sem byggðust á snertingu og notaði til þess lifandi manneskju í kassa. Gestir gátu stungið höndum gegnum göt á kassanaum og þreifað á manneskjunni. Hún var ekki sýnileg, einungis snertanleg.

Í verkinu *Hendur* sem Guðrún Vera sýndi í Listasafni Kópavogs árið 2004 hafði hún mótað figúru í leir og stillt henni upp við vegg í rýminu. Stungu hendur figúrunnar í stúf við önnur hlutföll figúrunnar. Þær voru hlutfallslega of stórar en jafnframt virtust þær aldraðar þar sem önnur einkenni figúrunnar sýndu engin slík einkenni. Hendurnar báru merki þroskans. Öll sú þekking sem við öðlumst gegnum það sem hendur gera og snerta og mynda tengsl við umhverfið og okkur sjálf. En snerting er, eins og Merleau-Ponty horfir á skynjun okkar, ekki síður mikilvæg en áhorf þegar kemur að því að upplifa heildina.

³ Höfundur spurði listakonuna hvort hún þekkti kenningar þessara fræðimanna. Hún kvaðst ekki þekja þær.

⁴ Renos K. Papadopoulos: *Carl Gustav Jung: Critical assessments*. Routledge, London. 1992, bls. 413



3] Guðrún Vera Hjartardóttir: *Hendur*. 2004.



4] Guðrún Vera Hjartardóttir: *Hendur*, 2004 (hluti)



5] Guðrún Vera Hjartardóttir: *Hendur*. 2004 (Yfirlit).

Ég horfði á viðtal sem nemendur við listnámsbraut Fjölbrautaskólans í Breiðholti tóku við Guðrúnu Veru árið 2010 og spurðu hana um tuttugu spurninga sem varða list hennar. Listakonan svaraði þeim af nokkru öryggi og heiðaleika. Ég tók hins vegar eftir því að hún var með leir í höndunum sem hún nuddaði og néri allan tímann á meðan viðtalið stóð yfir. Guðrún Vera er hvað kunnust fyrir leirfígúrur sínar og hefur unnið í það efni að jafnaði í 20 ár. Ég þurfti því ekki að spyrja hana hvers vegna hún væri að hnoða leirbút á meðan hún sat fyrir svörum. Ég vissi, þegar ég sá það, að hún þurfti á snertingunni við leirinn að halda, snertinguna við efnið sem hún notar til að skapa list, og þreifa á reynslunni sem býr í sambandi á milli handa hennar og efnisins. Þannig komst hún í snertingu við sitt sjálf þegar hún talaði um list sína.

Skynjun tákna

Fyrirbærafræðin leitast við að yfirvinna andstæður og er að því leitinu skyld Hegelískri díalektík, þar sem andstæðum eru fundnar sameiginlegur grunnur. Maerlo-Ponty er hins

vegar að horfa á hina frumlægu mynd sem verður ekki smættuð niður í færri einingar en það sem þú sérð. Hegelísk sýn segir okkur hins vegar að heildin sé summa parta hennar.⁵

Maerlo-Ponty setur sig upp á móti algengu viðhorfi sem best má rekja til René Descartes þar sem hugsunin er sett fram sem staðfesting á tilvist okkar. Maerlo-Ponty setur skynjunina fram fyrir hugsunina, að í gegnum skynjunina fáum við hina frumlægu mynd, eða að fullvissa hugmynda okkar byggja á skynjun okkar. Þar liggur gagnkvæm virkni hins hugsaða og skynjaða. Hugsunin kemur í kjölfar þess að maður skynjar að hann er skynjaður, líkt og dæmisaga Sartres segir um áhorfandann.

C.G. Jung er á sama meiði hvað varðar skynjun og huga. Jung talar um að þróa hina gagnkvæmu virkni. Þegar einstaklingur getur ekki tengt tilfinningu við hugmynd og kemur þá hin frumlæga mynd til skjalanna. Hún birtist innvortis sem tákn, rétt eins og mandalan, því táknið getur bæði sagt skilið við hugmyndina og tengt við tilfinninguna. Að því leitinu hafa myndir ávallt einhverja innri merkingu sem tákn.

Fyrir Jung eru tákn ýmist aðgengileg fyrir rökhugsunina eða innsæið og tilfinningarnar.

„Táknið er ávalt afar flókið fyrirbæri, þar sem það er gert úr öllum þáttum sálarlífsins. Þess vegna er eðli þess hvorki rökrétt [rational] né órökrétt [irrational]. Ein hlið þess er aðgengileg fyrir rökhugsunina en önnur hlið þess er henni lokuð, því það byggir ekki bara á röklegum staðreyndum, heldur líka á órökrænum staðreyndum beinnar skynjunar, innri jafnt sem ytri“⁶.

Jung hallast að táknum sem eru ekki skilgreind eða útskýra ekki fyrirbæri. Ef tákn útskýrir þá er það merki, ekki tákn. Hann gengst frekar við táknum sem eru „lifandi“, sem leiða mann innvortis eins og að þau séu spegilmynd hins skynjaða eða séða, líkt og önnur persóna sem brúar bilið frá þeirri fyrstu og þriðju, ef við setjum það inn í fyrirbærafræði Maerlo-Pontys.

Ítalski heimspekingurinn Umberto Galimberti er enn annar fræðimaður sem vill undirstrika mikilvægi táknsins. Hann teflir saman reglu rökhugsunarinnar“ og reglu táknyggjunnar og segir:

⁵ Richard Kearney: *Poetics of imagining: Modern to postmodern*. Perspectives in continental philosophy no 6. 1998, bls. 120-121

⁶ Carl Gustav Jung: “Táknið og frelsandi máttur þess: Skilgreining á hugtakinu "tákn" úr ritinu *Psychologische Typen*, 1921”. Ólafur Gíslason þýddi. Námsefni LHÍ og HÍ, Jörð Vatn Loft Eldur. 2011, bls. 6.

Regla rökhugsunarinnar felst einmitt í lögmáli samsemdar og ekki-mótsetninga, þannig að „þetta er þetta, en ekki annað“. Reglan sem stýrir henni er aðskilnaðurinn (disgiunzione, á grísku dia-ballein) sem bannar það að einn hlutur sé „þetta og líka annað“, en slík er einmitt regla táknhyggjunnar (simbolico, á grísku sym-ballein eða sam-eina, tengja saman) sem goðsögurnar nærast á, líkt og skáldskapurinn, galdrarnir og trúarbrögðin.⁷

Rökhyggjan kallar eftir ákveðinni afstöðu á meðan táknhyggjan er opin. Hún berst í myndum sem við skynjum fremur en skiljum röklega.


Táknhyggja í verkum Guðrúnar Veru á við um lifandi tákn. Þau eru ekki rökleg og útskýra ekki. Verkið *Jesús og rotturnar* er gott dæmi um táknhyggju eins og Galimberti og Jung tala um. Verkið var sýnt í Nýlistasafninu árið 1998, og samanstóð af biblíuteikningu, mynd af Jesús upprisnum og tveimur rottum, raunsæjum, sem listakonan mótaði úr leir. Þær virtust skriða meðfram veggjum undir myndinni.

Jesúmyndin er nokkuð dæmigerð sem skýrandi trúartákn. Hvítklæddur frelsarinn er með opna arma í annars væmnum litum. Í tengslum við rotturnar er myndin aftur á móti komin í áður óþekkt samhengi. Merkingin er óræð og ekki það tákn sem við þekkjum.



6] Guðrún Vera Hjartardóttir: *Jesús og rotturnar*. 1998.

⁷ Umberto Galimberti: „Um hið heilaga“. Ólafur Gíslason þýddi. Námsefni LHÍ og HÍ, Jörð Vatn Loft Eldur. 2011, bls. 3.



7] Guðrún Vera Hjartardóttir: *Vöxtur*. 2001.



8] Guðrún Vera Hjartardóttir: *Rætur*. 2001.

Á sýningunni *Rætur* sem Guðrún Vera hélt í Gallerí Hlemmi árið 2001 var megin stoð sýningarinnar stytta sem var að hluta manneskjuleg nema hvað hún hafði rætur í staðinn fyrir fætur. Önnur stytta og sambærileg tákmynd bar titilinn *Vöxtur*. Hún sýndi figúru á grúfu en hryggbein hennar höfðu rofið sér leið gegnum húðina og teigðu sig upp líkt og trjástofnar. Þessar tákmyndir Guðrúnar Veru hafa verið túlkaðar af fræðimönnum listarinnar í ritum og tímaritum, og sagðar fjalla um líftæknifræði, efnislegan samruna manns og náttúru og sitthvað fleira. Hvort sem er þá geta *Rætur*, *Vöxtur* og *Jesús og rotturnar* verið „þetta og líka annað“.

Spegill ímyndunaraflsins

Hugmyndir Gastons Bachelard um formlegt og efnislegt ímyndunarafl eru skyldar hugmyndum Merleau-Pontys, Jungs og Galimbertis að því leyti að þær skoða heildina. Í list horfir Bachelard m.a. á það sem er ytra og innra sem óaðskiljanlega parta listaverksins. Í því sambandi talar Bachelard um formlegt og efnislegt ímyndunarafl.

Formlegt ímyndunarafl leitar í yfirborð listaverksins, ytra birgði þess. Við getum jafnvel sagt að það samsami sig við þann hluta listaverksins sem lokkar. Efnislegt ímyndunarafl er það sem leitar undir skráp yfirborðsins og inn í hylidýpið þar sem er; „þyngd og eru hjarta“.⁸

⁸ Gaston Bachelard: „Sársauki vatnsins er á enda“ Ólafur Gíslason þýddi úr bókinni *Sálgreining vatnanna - hreinsun, dauði og endurfæðing*. Námsefni LHÍ og HÍ, Jörð Vatn Loft Eldur. 2011, bls.2.

Þótt Bachelards sé að tala um það sem er ytra og það sem er innra vill hann rjúfa ekki rjúfa skil þar á milli og segir:

„[...]sérhvert skáldverk, sem kafar nægilega djúpt niður í sáðkorn verunnar til þess að leita uppi hinn efnisfasta óbreytanleika og hina fögru eintóna eiginleika efnisins, sérhvert skáldverk sem dregur kraft sinn úr hinni vökulu sókn í hina efnislegu frumforsendu sína verður engu að síður að blómstra og prýða sig með ornamentum“.⁹

Hér er óneitanlega einhverskonar díalektík í gangi hjá Bachelard sem vill sameina það sem sundrað er og horfa á hið innra og ytra í listaverkinu sem heild, eða háð hvoru öðru.

Ef við skoðum þessar hugmyndir Bachelards í samhengi við verk Guðrúnar Veru verður okkur ljóst að þar er það handverkið sem lokkar. Fólk er gjarnt á að dáðst að leirstyttum hennar, jafnvel þótt ímyndirnar kunni að reynast gróteskar á einn eða annan hátt. Handverkið geymir fingraför listamannsins og gefur verkunum nærveru hans. Þetta á reyndar ekki við um skjáverkin, en þar er áhorfandinn umvafinn myrkri og er því dreginn að ljósi skjásins. Hann ábara um tvennt að velja, annaðhvort að fara burt eða horfa, en þar sem ýmist handverkið eða ljósið lokkar þá dregst hann að því. Handan við yfirborð hins formaða leirs eða tvívíða skjás finnur áhorfandinn svo hyldýpið, neindina sem Sartre talaði um. Og þar starir hann í spegilinn og beinir áhorfinu umsvifalaust til sín sjálfs.

⁹ Gaston Bachelard: 2011, bls.2.

Heimildir

Bachelard, Gaston: „Sársauki vatnsins er á enda“ Ólafur Gíslason þýddi úr bókinni *Sálgreining vatnanna - hreinsun, dauði og endurfæðing*. Námsefni LHÍ og HÍ, Jörð Vatn Loft Eldur. 2011.

Galimberti, Umberto: „Um hið heilaga“. Ólafur Gíslason þýddi. Námsefni LHÍ og HÍ, Jörð Vatn Loft Eldur. 2011.

Kearney, Richard: *Poetics of imagining: Modern to postmodern*. Perspectives in continental philosophy no 6. 1998.

Jung, Carl Gustav: “Táknið og frelsandi máttur þess: Skilgreining á hugtakinu "tákn" úr ritinu *Psychologische Typen*, 1921”. Ólafur Gíslason þýddi. Námsefni LHÍ og HÍ, Jörð Vatn Loft Eldur. 2011.

Papadopoulos, Renos K.: *Carl Gustav Jung: Critical assessments*. Routledge, London. 1992.

Merleau-Ponty, Maurice: *The World of perception*. Routledge, New York. 2004.

Sartre, Jean Paul: *Being and nothingness*. Washington Square Press, New York, 1992.

Myndaskrá

1] Guðrún Vera Hjartardóttir: *Áhorfandi*. Skjávarpamynd í raunstærð, 2009

2] Guðrún Vera Hjartardóttir: *Áhorfandi*. Plastilína og MDF, 1994.

3] Guðrún Vera Hjartardóttir: *Hendur*. Plastilína og MDF, 2004.

4] Guðrún Vera Hjartardóttir: *Hendur*. Plastilína og MDF, 2004.

5] Guðrún Vera Hjartardóttir: *Hendur*. Plastilína og MDF, 2004.

6] Guðrún Vera Hjartardóttir: *Jesús og rotturnar*. Trélitir á pappír og plastilina, 1998.

7] Guðrún Vera Hjartardóttir: *Vöxtur*. Plastilina, MDF og Plexigler, 2001.

8] Guðrún Vera Hjartardóttir: *Rætur*. Plastilina og MDF. 2001.